

# Ytra mat leikskóla Hjallatún

Úttekt þessi er unnin á vegum Námsmatsstofnunar - fyrir mennta- og menningamálaráðuneytið

Höfundar: Kolbrún Vigfúsdóttir og Lena Sólborg Valgarðsdóttir  
© Námsmatsstofnun, 2014.

ISBN 978-9935-433-36-7

## Efnisyfirlit

Samantekt á niðurstöðum . . . . .	5
Inngangur . . . . .	7
Markmið og tilgangur . . . . .	7
Gagnaöflun . . . . .	7
Leikskólinn Hjallatún . . . . .	8
Leikskólinn og umhverfi hans . . . . .	8
Starfsmenn . . . . .	8
Húsnæði . . . . .	8
Útileiksvæði . . . . .	8
Breytingar í kjölfar laga um leikskóla nr. 90/2008. . . . .	9
Áhrif hagræðingar í kjölfar efnahagshruns á starfsemi leikskólans . . . . .	9
Hugmyndafræði, stefna og helstu áherslupættir leikskólans . . . . .	9
Skólanámskrá . . . . .	11
Samræmi leikskólastarfsins við skólanámskrá. . . . .	11
Aðkoma starfsmanna að gerð nýrrar skólanámskrár . . . . .	12
Stjórnun og starfsmannamál. . . . .	12
Stjórnskipulag og skipurit. . . . .	13
Starfsáætlun, starfsmannastefna og áætlanir varðandi starfsmannamál. . . . .	13
Uppeldi, menntun og umönnun . . . . .	14
Leikföng og efniviður . . . . .	14
Líðan barna . . . . .	15
Lýðræði og mannréttindi . . . . .	15
Samskipti og hegðun . . . . .	16
Skólaþróun. . . . .	16
Skólabragur og samskipti. . . . .	17
Starfsandi . . . . .	17
Jafnrétti . . . . .	18
Mat á námi og velferð barna . . . . .	19
Foreldrasamvinna og ytri tengsl . . . . .	19
Foreldraráð og foreldrafélag . . . . .	20
Samstarf leikskóla og grunnskóla. . . . .	20
Annað samstarf . . . . .	20
Innra mat . . . . .	21
Sérfræðiþjónusta og sérkennsla . . . . .	22
Samantekt . . . . .	23
Tækifæri til umbóta . . . . .	26
Lokaorð . . . . .	26
Heimildir. . . . .	27



## Samantekt á niðurstöðum

Í þessari skýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Hjallatúni í Reykjanesbæ sem framkvæmt var á vorönn 2014. Þættirnir sem lagt var mat á voru: leikskólinn og umhverfi hans, skólanámskrá, stjórnun og starfsfólk, uppeldi, menntun og umönnun, skólabragur og samskipti, innra mat, mat á velferð og námi barna, foreldrasamstarf og ytri tengsl og sérfræðiþjónusta sveitarfélaga og sérkennsla.

## Leikskólinn og umhverfi hans

Starfsemi leikskólans Hjallatúns hófst 8. janúar 2001. Húsnæði leikskólans uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til leikskólahúsnæðis samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Frá upphafi hefur leikskólinn starfað samkvæmt Fjölgreindarkenningu Howard Gardner og eru starfsmenn og foreldrar meðvitaðir og stoltir yfir því. Starfsfólk hefur sameinast um þrjú lykilatriði í starfinu; að styrkja sjálfmynd barna, efla frumkvæði þeirra og kenna þeim lýðræði. Starfsemi leikskólans samræmist skólastefnu Reykjanesbæjar og framtíðarsýn þar sem áhersla er á læsi og stærðfræði. Í gangi er þróunarverkefni sem festa á betur í sessi aðferðafræði leikskólans sem nefnist Hringekjan en það er aðferð til að vinna markvisst með Fjölgreindarkenninguna í öllum leikskólanum. Húsnæði leikskólans er vel nýtt, rúmgott leiksvæði er fyrir börnin og aðstaða starfsmanna góð, ef frá er talin aðstaða fyrir sérkennslu. Hljóðvist leikskólans þarf að meta og gera endurbætur á útileiksvæði. Leikskólinn uppfyllir ekki kröfur laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

## Skólanámskrá

Skólanámskrá Hjallatúns er frá árinu 2009 og uppfyllir skilyrði aðalnámskrár frá árinu 1999, laga um leikskóla nr. 90/2008 og skólastefnu og framtíðarsýn Reykjanesbæjar. Stefna leikskólans kemur skýrt fram í skólanámskránni og hún er aðgengileg á heimasíðu leikskólans. Unnið er að endurskoðun á skólanámskrár út frá áherslum í aðalnámskrá leikskóla frá 2011. Allir starfsmenn leikskólans koma að endurskoðuninni og við gerð skólanámskrárinnar verður reynt að taka tillit til hugmynda barnanna og foreldraráð gefur álit sitt á henni. Skoða mætti hvort auka mætti aðkomu foreldra að endurskoðuninni. Í leikskólanum er unnið samkvæmt þeim áhersluþáttum sem fram koma í námskrá leikskólans. Í Hjallatúni er lögð áhersla á leikinn sem náms- og þroskaleið og er það vel sýnilegt í leikskólastarfinu.

## Stjórnun og starfsfólk

Stjórnun leikskólans er samkvæmt lögum og almennum reglum um stjórnunarhætti. Verkaskipting stjórnenda er skýr en þörf er á að gera hana skriflega. Góð samvinna er milli stjórnenda og fræðsluskrifstofu. Sátt ríkir um stjórnun leikskólans meðal starfsfólks og foreldra og gott aðgengi er að stjórnendum. Leikskólinn hefur mótað starfsmannastefnu, starfsmenn fara reglulega í starfsmannasamtöl og móttökuáætlun er til fyrir nýja starfsmenn. Ekki er til skipurit fyrir leikskólann og æskilegt er að endurskoða starfsmannahandbók. Leikskólinn hefur mótað eigin áherslur varðandi kennslu barna sem eiga annað móðurmál en íslensku. Gera ætti eineltisáætlun fyrir leikskólann.

## Uppeldi, menntun og umönnun

Hugmyndafræði og starfsaðferðir leikskólans endurspegla umhyggju fyrir líðan allra. Þrjú lykilatriði eru ráðandi í uppeldisstefnu leikskólans, að efla tilfinningagreind, kenna lýðræði og að styrkja sjálfmynd barnsins. Í leikskólanum er lögð áhersla á leikinn sem námsleið barnanna og honum gefið gott rými í skipulögðum verkefnum sem og frjálsum leik. Húsnæði leikskólans er vel nýtt fyrir börnin og lögð áhersla á frelsi þeirra til að velja. Börnin upplifa að þau hafi frelsi til að velja, eru ánægð með leikefni leikskólans, sem er aðgengilegt fyrir þau, og þeim líður vel í leikskólanum. Starfsfólk leggur áherslu

á að hlusta á raddir barnanna. Lögð er áhersla á jákvæð samskipti og notar leikskólinn aðferðir SOS-kerfisins til að beita viðurkennandi og jákvæðum aga. Æskilegt væri að endurskoða notkun SOS-kerfisins og samræma notkun þess í leikskólanum. Í leikskólanum er unnið með Stig af stigi til að þjálfa félags- og tilfinningaþroska barna.

## Skólabragur og samskipti

Skólabragur er jákvæður í leikskólanum og einkennist af trausti, virðingu og hómor. Einkunnarorð starfsmannastefnunnar eru „að koma fram við aðra eins og við viljum að komið sé fram við okkur“. Í leikskólanum er til móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn. Lögð er áhersla á að viðhalda góðum starfsanda og strax er tekið á ágreiningsmálum.

## Innra mat

Í leikskólanum Hjallatúni er árlega gerð áætlun um innra mat á starfi leikskólans. Stjórnendur taka ákvörðun um hvað skuli leggja áherslu á að meta en annað starfsfólk getur haft áhrif á hvað er metið. Innra mat fer fram í starfsmannasamtölum og starfsfólk svarar spurningalistum sem stjórnendur hafa útbúið út frá þeim þáttum sem meta skal. Þá fer fram stöðugt mat allt árið út frá skráningum starfsmanna í Hringekjunni. Umbótaáætlun kemur fram í starfsáætlun leikskólans og niðurstöðurnar eru kynntar á starfsmannafundum og eru birtar í fréttabréfi leikskólans.

## Mat á námi og velferð barna

Gerðar eru skráningar í Hringekjunni og eru þær notaðar til að meta nám og framfarir barna út frá fjölgreindarkenningu Gardners. Verið er að fara af stað með bók barnsins þar sem þróun og þroska hvers barns verður fylgt eftir frá upphafi leikskóladvalar. HLJÓM-2 er notað til að meta hljóðkerfisvitund barnanna og í viðtölum er farið með foreldrum yfir líðan og þroska barnanna. Leikskólinn er nýlega orðinn notandi að Skólapúlsinum og þar geta allir foreldrar fylgst með þroska og framförum barnanna og haft áhrif á matið.

## Foreldrasamstarf og ytri tengsl

Foreldraráð er starfandi við leikskólann og foreldrafélag. Foreldrar eru ánægðir með yfirmenn og starfsfólk leikskólans og starfsemi leikskólans. Foreldrar eru einnig ánægðir með upplýsingar sem þeir fá í foreldraviðtölum og almennt ánægðir með upplýsingar leikskólans, en tala um að það mætti bæta heimasíðuna. Leikskólinn notar fjölbreyttar leiðir til að auka tengsl leikskóla og fjölskyldu, sóst er eftir rýni foreldra á starfsemi leikskólans og brugðist er við ábendingum foreldra. Leikskólinn stendur vel að kynningum fyrir nýja foreldra sem og kynningu fyrir foreldra þegar börn færast milli ganga. Gott samstaf er milli leikskólans og grunnskóla og leikskólinn tekur þátt í árlegri listahátíð barna í Reykjanesbæ.

## Sérfræðipjónusta sveitarfélags og sérkennsla

Aðgangur leikskólans að sérfræðipjónustu er í samræmi við reglugerðir um sérfræðipjónustu sveitarfélaga. Stjórnendur segja að leikskólinn hafi gott aðgengi að sérfræðipjónustu. Leikskólinn hefur ekki mótað sér sérkennslustefnu en hefur skriflegan feril um viðbrögð við grun um frávik. Sérkennslan er á ábyrgð sérkennslustjóra. Leikskólinn hefur mótað áherslur varðandi íslenskukennslu barna sem eiga annað móðurmál og notar fjölbreyttar aðferðir við kennsluna en skoða mætti hvort allir starfsmenn eru meðvitaðir um hlutverk sitt í íslenskukennslu barnanna. Leikskólinn leggur áherslu á að börn viðhaldi móðurmáli sínu.

## Inngangur

Í þessari matsskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Hjallatúni í Reykjanesbæ. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Kolbrúnu Vigfúsdóttur og Lenu Sólborgu Valgarðsdóttur og fór fram á vettvangi á tímabilinu 17., 18. og 20. mars 2014. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir átta matsþættir; leikskólinn og umhverfi hans, skólanámskrá, stjórnun og rekstur, uppeldi, menntun og umönnun, skólabragur og samskipti, innra mat, foreldrasamstarf og ytri tengsl og sérfræðiþjónusta sveitarfélaga.

## Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008 að:

- a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- c. auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- d. tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.<sup>1</sup>

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og lögð sérstök áhersla á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja við skólastjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla. Áherslur og straumar í skólastefnum sveitarfélaga voru einnig höfð til hliðsjónar.

## Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og rýniviðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prenti eða á rafrænu formi.<sup>2</sup> Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra 10. mars á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsmenn og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaraðila. Matsmenn mættu í leikskólann 17. mars 2014 og fengu kynningu á leikskólanum hjá leikskólastjóra. Nokkru síðar tóku við vettvangsathuganir á öllum deildum leikskólans. Haldnir voru rýnihópafundir með deildarstjórum, starfsmönnum á deild, börnum í elsta árgangi leikskólans og foreldrum. Þátttakendur í rýnihópum starfsmanna, barna og foreldra voru allir valdir með slembiúrtaki. Tekin voru einstaklingsviðtöl við leikskólastjóra og sérkennslustjóra sem jafnframt er aðstoðarleikskólastjóri. Einnig var haft samband við formann fræðsluráðs.

Skólaheimsóknin stóð yfir í þrjú daga, 17., 18. og 20. mars 2014. Starfsmenn vissu hvaða daga matsmenn voru væntanlegir í vettvangsheimsókn en ekki á hvaða tíma. Fylgst var með uppeldi, kennslu og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna á deildum. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir hverja stund. Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram að lokinni leikskólaheimsókn og unnu þeir saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Það ber að hafa í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

<sup>1</sup> Lög um leikskóla nr. 90/2008.

<sup>2</sup> Skólanámskrá, starfsáætlun, greinargerð um innra mat, umbótaáætlun, matsáætlun, dagskipulag, heimasíða Hjallatúns, heimasíða Reykjanesbæjar, símenntunaráætlun. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

## Leikskólinn Hjallatún

### Leikskólinn og umhverfi hans

Starfsemi leikskólans Hjallatúns hófst 8. janúar 2001. Leikskólinn er staðsettur við Vallarbraut 20 og er rekinn af Reykjanesbæ. Leikskólinn er opinn frá kl. 7:45-16:15.

Leikskólinn er í 659 m<sup>2</sup> húsnæði. Leikskólinn skiptist í tvo ganga, Austurgang fyrir tveggja til fjögurra ára börn og Vesturgang fyrir fjögurra til sex ára börn. Í leikskólanum dvelja 88 börn á aldrinum tveggja til fimm ára, 45 stúlkur og 43 drengir. Börnunum er skipt á fjórar deildir eða heimastofur; Bjarmaland, Varmaland, Ljósaland og Logaland. 21-23 börn eru að meðaltali á hverri deild og fer fjöldinn eftir aldri barnanna. Í Hjallatúni er 32% barna með annað móðurmál en íslensku, 7 börn með skilgreindan stuðning hálfan eða heilan dag og er gerð einstaklingsnámskrá fyrir þau. Yngstu börnin í leikskólanum, þ.e. tveggja ára, eru 22 talsins, 21 barn er þriggja ára, 24 börn eru fjögurra ára og 21 barn er fimm ára.

### Starfsmenn

Við leikskólann starfa 24 starfsmenn í 19,5 stöðugildum, þar með taldir leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri sem jafnframt er sérkennslustjóri. Leikskólakennarar eru samtals níu, tveir í stjórnun og 7 starfandi á deild eða 35% af starfsfólki á deildum. Stjórnunarhlutfall í Hjallatúni er 130%. Starfsmenn utan deilda eru matráður og aðstoðarmaður í eldhúsi í 100% stöðu. Ræstingar eru boðnar út og þrifið daglega eftir lokun leikskólans. Allir starfsmenn leikskólans eru konur. Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.<sup>3</sup>

### Starfsmannavelta

Stöðugleiki var í starfsmannahaldi leikskólans frá 2008 til 2013 en haustið 2013 þurfti að ráða inn fjóra nýja starfsmenn, þar af einn deildarstjóra, og afleysingu fyrir sérkennslustjóra sem fór í árs leyfi.

### Húsnæði

Húsnæði leikskólans uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til leikskólahúsnæðis samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008.<sup>4</sup> Húsnæðið er bjart og rúmgott og eins og áður sagði skiptist leikskólinn í tvo ganga. Á hvorum gangi eru tvær deildir (heimastofur) og hefur hvor deild um sig til umráða leikherbergi og hvíldarherbergi. Á báðum göngum er sameiginlegur listaskáli, fataklefi og leikrymi á gangi. Aðstaða fyrir starfsmenn skiptist í skrifstofu leikskólastjóra, fundarherbergi, sem jafnframt er sérkennsluherbergi, kaffistofu og aðstöðu fyrir undirbúningsvinnu. Í miðjurými leikskólans er eldhús og matsalur fyrir allan leikskólann. Inn af matsal er rými sem ætlað er fyrir hreyfileiki og er einnig notað fyrir fundi. Samkvæmt viðtölum við stjórnendur, deildarstjóra og starfsmenn eru þeir ánægðir með húsnæði leikskólans en nokkur óánægja er með aðstöðu fyrir sérkennslu. Einnig kom fram að hljóðvist hljóðvist í matsal er léleg.<sup>5</sup> Matsmenn geta tekið undir það en að þeirra mati er hljóðvist almennt ekki nægilega góð á leiksvæði barnanna.

### Útileiksvæði

Útileiksvæði í Hjallatúni er nokkuð rúmgott en þarfnast endurskipulagningar og lagfæringar. Í viðtölum við stjórnendur og starfsfólk kom fram óánægja með útileiksvæðið, lítið er um áskoranir fyrir börnin á útileiksvæðinu það er flatt og lítið um afdrep og mætti vera náttúrulegra, þannig að hægt væri til dæmis að drullumalla. Stjórnendur og starfsfólk töluðu um að í undirbúningi væri að endurskipuleggja garðinn og vilja gjarnan fá meira af ósnortnu leiksvæði fyrir börnin.<sup>6</sup>

<sup>3</sup> Lög um menntun og ráðningu kennara og stjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

<sup>4</sup> Lög um leikskóla nr. 90/2008.

<sup>5</sup> Viðtöl við stjórnendur og rýnihópaviðtöl við deildarstjóra og starfsmenn.

<sup>6</sup> Viðtöl við stjórnendur og rýnihópaviðtöl við deildarstjóra og starfsmenn.



## Breytingar í kjölfar laga um leikskóla nr. 90/2008

Skólanámskrá var gefin út árið 2009 og stofnað foreldraráð við leikskólann.

### Áhrif hagræðingar í kjölfar efnahagshruns á starfsemi leikskólans

Starfsmannafundur sem voru níu á ári var fækkað í fimm. Yfirvinna var tekin af og almennt dregið nokkuð úr fjármagni til leikskólans. Opnunartími leikskólans var stytur. Stöðugildum var fækkað í eitt ár þegar fjármagn vegna afleysinga var minnkað en það hefur nú verið bætt aftur.<sup>7</sup>

### Skólafestna og áherslur sveitarfélagsins

Skólafestna Reykjanesbæjar var samþykkt 23. maí 2001 og gildir fyrir leik- grunn- og tónlistarskóla. Í stefnunni segir að hlutverk skóla sé fræðsla og mannrækt. Skólafestna eigi að stuðla að persónulegum og félagslegum þroska allra nemenda og gera þá færa um að taka ábyrgan og skapandi þátt í síbreytilegum heimi utan skólans. Skólar þurfi því meðal annars að leggja áherslu á viðfangsefni sem stuðla að gagnrýninni hugsun, sjálfstæði og ábyrgð í námi, námstækni og skipulögðum vinnubrögum og góðri umgengni, ásamt samvinnu og samhjálp. Einnig koma fram í skólafestnunni áherslur á mikilvægi foreldrasamvinnu og samstarf skólastiga. Samkvæmt upplýsingum af heimasíðu Reykjanesbæjar er ný skólafestna í vinnslu. Árið 2011 setti Reykjanesbær sér framtíðarsýn til ársins 2015. Þar kemur fram að stefna skuli að því að leikskólar í Reykjanesbæ verði í fremstu röð hvað varðar læsi og stærðfræði, leggja skuli áherslu á gott og öflugt foreldrasamstarf, börnin verði sjálfsörugg, metnaðarfull og hamingjusöm. Í skólunum skal leggja áherslu á lýðræði, samskipti og jafnrétti. Leikskólar setji sér skýra stefnu sem endurspeglar í innra starfi, stefna sé í skólunum varðandi aðgerðir gegn einelti og gæta skuli að endurnýjun tækja og aðbúnaðar.<sup>8</sup>

### Hugmyndafræði, stefna og helstu áherslur þættir leikskólans

Uppeldisstefna Hjallatúns byggir á þeirri sýn að í hverjum manni búi auður og hlutverk leikskólans sé að finna þann auð í barninu. Leiðin til þess sé að mæta einstaklingnum þar sem hann er sterkur og nýtur sín og leiða hann þaðan inn á brautir frekari þroska. Frá upphafi hefur leikskólinn starfað samkvæmt Fjölgreindarkenningu Howard Gardner.<sup>9</sup> Á heimasíðu leikskólans segir að kjarninn í þeirri kenningu sé að hægt sé að meta mannlega möguleika og hæfileika út frá breiðara viðmiði en áður hefur verið gert. Gardner flokkaði greind manna í átta flokka: málgreind, rökgreind, rýmisgreind, hreyfigreind, tónlistargreind, sjálfþekkingar- og tilfinningagreind, samskiptagreind og umhverfisgreind. Í uppeldisstefnu Hjallatúns er lögð áhersla á ákveðna lykilþætti: að efla tilfinningagreind barna, kenna börnum lýðræði, efla frumkvæði þeirra og styrkja sjálfmynd og nota leikinn sem helstu náms- og þroskaleið barnsins. Samkvæmt uppeldisstefnu leikskólans á að gefa börnunum tíma, veita þeim nærveru, hlusta á þau og ræða við þau um líðan þeirra og veita þeim umhyggju og hlýju. Í hugmyndafræðinni er einnig talað um að börnin eigi rétt á að taka ákvarðanir varðandi eigið líf og læra þannig um lýðræði. Stuðla skuli að því að börnin geti skipulagt leikinn og haft áhrif á daglegt líf sitt. Þannig læri þau að taka sjálfstæðar ákvarðanir, sem eykur frumkvæði, ánægju og gleði og styrkir sjálfmynd þeirra. „Þessi kenning fær okkur til að setja hvert einstakt barn í brennidepil og líta á þau sem hæfa einstaklinga. Allir eru sterkir á einhverju sviði og börnin læra best í gegnum sína sterkustu greind.“<sup>10</sup> Í samtölum við rýnihópa deildarstjóra og starfsmanna kom fram að mikil umræða fer fram innan leikskólans um hugmyndafræði leikskólans og framkvæmd hennar. Gengið er út frá því að allir séu góðir í einhverju en enginn góður í öllu og mikilvægt sé að börnin læri það líka. Starfsfólk leggur áherslu á mikilvægi þess að nota leikinn sem námsleið, sýna börnunum kærleika og gleði.<sup>11</sup> Lögð er áhersla á læsi og stærðfræði í samræmi við framtíðarsýn Reykjanesbæjar. Hjá foreldrum í rýnihópi kom fram að þeir þekkja fjölgreindarkenninguna og áherslur leikskólans á leikinn, lestur og

<sup>7</sup> Viðtal við leikskólastjóra.

<sup>8</sup> Heimasíða Reykjanesbæjar.

<sup>9</sup> Gardner, Howard, 2008.

<sup>10</sup> Viðtal við leikskólastjóra og heimasíða Hjallatúns.

<sup>11</sup> Rýnihópaviðtöl við deildarstjóra og starfsmenn.

stærðfræði og að þeir eru mjög sáttir við þessar áherslur. Í endurmati starfsfólks frá 2012 kemur fram að starfsfólk hefur gott eða mjög gott viðhorf til stefnu skólans og telur sig hafa góða þekkingu á henni.<sup>12</sup> Í gangi er þróunarverkefni sem nefnist Hringekjan. Hringekjan er aðferð sem ætlað er að virkja og efla svæðaskiptingu og gera fjölgreindirnar sýnilegri í starfi. Fjóra daga vikunnar (mánudag til fimmtudags) er unnið fyrir hádegi í hringekju á báðum göngum þar sem hvert svæði ert tileinkað ákveðinni greind og starfsfólk velur sér greindarsvæði til að vinna á í tvær vikur í senn. Í þessari vinnu er lögð áhersla á frjálsan leik, samskipti og lýðræði.<sup>13</sup> Í viðtölum við stjórnendur kom fram með þessari aðferð telja þeir að verið sé að tengja starfið við áherslur um lýðræði í leikskólastarfi eins og þær eru settar fram í aðalnámskrá leikskóla frá 2011 og undirstrika að Hjallatún er opinn leikskóli sem vinnur eftir Fjölgreindarkenningunni sem ein heild. Í Hjallatúni er málörvun eitt af markmiðunum í Hringekjunni. Unnið er með Orðaspjallsaðferðina<sup>14</sup> í yngri árgöngunum til að efla orðaforða með áherslu á sögur, leiki og ljóð. Elstu börn Hjallatúns sem tilheyra Skólahóp hittist fjórum sinnum í viku og þar er unnið markvisst með málgreind, rök og stærðfræðigreind. Lögð er áhersla á að tengja talmál og ritmál. og unnið með Orðaspjallsaðferðina eins og með yngri hópunum. Auk þess er lögð áhersla á Samræðulestur. Samræðulestur byggir á vinnuferli sem felst í að spyrja/hvetja, meta, útvíkka og endurtaka– SMÚE (e PEER prompt-evaluate-expand-repeats). Í rök- og stærðfræðigreindinni er m.a. unnið markvisst með námsefnið Numicon.<sup>15</sup>

Unnið er samkvæmt könnunaraðferðinni og lögð áhersla á sögur, leiki og ljóð með yngri börnunum en meiri áhersla lögð á að tengja talmál og ritmál með eldri börnunum. Elstu börnin vinna með námsefnið Ótrúleg eru ævintýrin<sup>16</sup> og bókina Markviss málörvun.<sup>17</sup> Í viðtölum við stjórnendur og starfsmenn kom fram að þeir eru mjög stoltir af sínum leikskóla, þeirri stefnu sem unnið er eftir og hvernig stöðugt er unnið að því að bæta starfið.<sup>18</sup>

### Styrkleikar

- Húsnæði leikskólans uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til leikskólahúsnæðis samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008.<sup>19</sup>
- Leikskólinn vinnur samkvæmt ákveðinni hugmyndafræði sem allt starfsfólk og foreldrar eru meðvituð um og stolt af.
- Leikskólinn vinnur samkvæmt skólastefnu og framtíðarsýn bæjarfélagsins.
- Unnið er að þróunarverkefni til að festa enn betur í sessi aðferðafræði leikskólans.
- Starfsfólk leikskólans hefur sameinast um þrjú lykilatriði í starfinu, að styrkja sjálfsmynd barna, efla frumkvæði þeirra og kenna þeim lýðræði.
- Lögð er áhersla á málörvun.
- Unnið er með læsi og stærðfræði.

### Tækifæri til umbóta

- Gera ætti úttekt á hljóðvist leikskólans.
- Æskilegt væri að gera endurbætur á útileiksvæði.

<sup>12</sup> Gögn frá leikskólastjóra – Endurmat starfsfólks 2012.

<sup>13</sup> Starfsáætlun Hjallatúns 2013-2014.

<sup>14</sup> Ásdís Hrönn Jónsdóttir

<sup>15</sup> Atkinson, R., Tacon, R., Wing, T. 2004.

<sup>16</sup> Sigríður J. Þórisdóttir. 1993.

<sup>17</sup> Helga Friðfinnsdóttir; Sigrún Löve og Þorbjörg Þóroddsdóttir. 2000.

<sup>18</sup> Viðtöl við stjórnendur, rýnihópaviðtöl við deildarstjóra og starfsmenn.

<sup>19</sup> Lög um leikskóla nr. 90/2008.

## Skólanámskrá

Skólanámskrá leikskólans Hjallatúns var unnin árið 2009. Uppfyllir hún kröfur sem settar eru fram í aðalnámskrá frá 1999, lögum um leikskóla nr. 90/2008 og skólastefnu og framtíðarsýn Reykjanesbæjar. Skólanámskráin er aðgengileg á heimasíðu leikskólans. Í skólanámskrá Hjallatúns er lögð áhersla á fjölgreindarkenningu Howard Gardner. Í skólanámskránni er fjallað um lykilkættina í uppeldisstefnu Hjallatúns: að efla sjálfsþekkingar- og samskiptagreind barna, að kenna börnum lýðræði, efla frumkvæði þeirra og styrkja sjálfsmynd og að nota leikinn sem helstu náms- og þroskaleið barnsins. Unnið er með Stig af stigi til að efla félags- og tilfinningaþroska barnanna. Þá er starfað eftir hugmyndafræði SOS hegðunarmótunar sem leggur áherslu á að umbuna börnum fyrir æskilega hegðun.<sup>20</sup> Vinna við nýja skólanámskrá í samræmi við áherslur í nýrri aðalnámskrá leikskóla er hafin og gegnir þróunarverkefnið Hringekjan stóru hlutverki í henni.<sup>21</sup>

### Samræmi leikskólastarfsins við skólanámskrá

Samkvæmt skólanámskrá Hjallatúns byggist starf leikskólans á fjölgreindarkenningu Gardner<sup>22</sup> og hefur gert frá því leikskólinn opnaði. Með tilkomu þróunarverkefnisins Hringekjunnar hefur starf í anda fjölgreindarkenningarinnar aukist. Í vinnu með Hringekjuna hefur starfsfólk þurft að ígrunda námskránni og fyrir hvað leikskólinn stendur.<sup>23</sup> Á vettvangi sáu matsmenn að hvert svæði í leikskólanum var tileinkað ákveðinni greind og ber svæðið nafn greindarinnar. Til að mynda er eitt borðsvæði nefnt stærðfræðigreind. Þegar úttekt átti sér stað voru börnin að vinna að verkefnum um klukku á því svæði. Í salnum var tónlistargreind þar sem börnin voru meðal annars að dansa stopp-dans. Viðsvegar um leikskólann má sjá umfjöllun um hverja greind. Styrkleikar greindarinnar eru taldir upp og á hvaða hátt er hægt að efla tiltekna greind.

Lykilkættir í uppeldissýn leikskólans Hjallatúns birtast í skólanámskrá. Í starfi leikskólans er lögð áhersla á jákvæð samskipti sem einkennast af virðingu fyrir hverjum og einum.<sup>24</sup> Í Hringekjunni er unnið með lýðræði þar sem börnin fá að velja sér viðfangefni hverju sinni og hafa áhrif á hvað er í boði á hverju svæði. Börnin segjast velja sér leikfélaga og hvaða efnivið er leikið með.<sup>25</sup> Í viðtölum við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, deildarstjóra og starfsfólk kom fram að lögð er áhersla á að börn læri í gegnum leikinn og í Hringekjunni er börnunum gefið rými til þess.<sup>26</sup> Í starfi leikskólans Hjallatúns er unnið með SOS hegðunarkerfið.<sup>27</sup> Í umfjöllun um umbunarkerfið í skólanámskrá Hjallatúns er lögð áhersla á umbun fyrir æskilega hegðun barnanna, virðingu í samskiptum og húmor. Í viðtölum við deildarstjóra og foreldra var mikið rætt um húmor og hve mikilvægur hann er í starfinu.<sup>28</sup> Í viðtölum kom einnig fram að lögð er áhersla á jákvæð samskipti og virðingu, að það sé mikilvægt að hlusta á börnin og fara niður í þeirra hæð.<sup>29</sup> Í vettvangsathugun urðu úttektaraðilar varir við glettni og léttleika í starfinu. Þá sást einnig að lögð er áhersla á jákvæð samskipti og virðingu. Leikskólakennarar og starfsfólk voru mikið á gólfinu og beygðu sig niður í hæð barnanna þegar þeir tóku þátt í leik og starfi þeirra. Í vettvangsathugun sáu matsmenn mismunandi notkun á SOS hegðunarkerfinu. Á einni deildinni mátti sjá umbunarkerfi fyrir æskilega hegðun. Börnin fengu stein sem umbun sem þau settu í krukku. Markmiðið er að fylla krukuna af steinum og fara þá í vettvangsferð á stað sem þeim þykir spennandi. Á öðrum deildum virtist kerfið minna vera notað.

<sup>20</sup> Skólanámskrá Hjallatúns.

<sup>21</sup> Viðtal við leikskólastjóra.

<sup>22</sup> Skólanámskrá Hjallatúns.

<sup>23</sup> Viðtal við leikskólastjóra og rýnihópaviðtal við deildarstjóra.

<sup>24</sup> Viðtöl við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra, rýnihópaviðtöl við deildarstjóra og starfsmenn.

<sup>25</sup> Rýnihópaviðtal við börn.

<sup>26</sup> Viðtöl við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra, rýnihópaviðtal við deildarstjóra og starfsmenn.

<sup>27</sup> Clark, L. (2000).

<sup>28</sup> Rýnihópaviðtöl við deildarstjóra og foreldra.

<sup>29</sup> Viðtöl við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra, rýnihópaviðtöl við deildarstjóra og starfsmenn.

## Aðkoma starfsmanna að gerð nýrrar skólanámskrár

Starfsfólk leikskólans Hjallatúns er að vinna að nýrri skólanámskrá sem uppfyllir kröfur sem koma fram í aðalnámskrá leikskóla 2011. Unnið er að skólanámskránni á starfsdögum og starfsmannafundum. Með því móti getur allt starfsfólk leikskólans tekið þátt í því að móta nýja skólanámskrá. Innleiðing á grunnþáttum menntunar sem birtast í aðalnámskrá leikskóla er hafin og hafa allir tekið þátt í því að ígrunda á hvaða hátt þeir birtast í starfinu og hvar í starfinu mætti gera betur.<sup>30</sup> Leikskólakennurum leikskólans var skipt í tvo hópa til að ræða um grunnþætti menntunnar og að því loknu var öllu starfsfólki skipt niður í hópa og leikskólakennari leiddi umræðurnar.<sup>31</sup> Hringekjan skipar stóran sess í nýrri skólanámskrá en allt starfsfólk hefur komið að þeirri þróunarvinnu. Aðkoma foreldra að gerð skólanámskrár er í gegnum foreldraráð. Meðlimir foreldraráðs lesa yfir skólanámskrána og gefa sitt álit.<sup>32</sup> Börnin hafa áhrif á skólanámskrá í gegnum daglegt starf. Starfsfólk hlustar á börnin, skráir verkefnaval og fylgist með áhuga þeirra og nýtir þær upplýsingar við endurskoðun skólanámskrár.<sup>33</sup>

### Styrkleikar

- Unnið er samkvæmt þeim áherslupáttum sem fram koma í námskrá leikskólans.
- Unnið er að gerð nýrrar skólanámskrár.
- Allir starfsmenn taka þátt í gerð nýrrar skólanámskrár.
- Lögð er áhersla á leikinn sem námsleið barnanna.

### Tækifæri til umbóta

- Ljúka við gerð skólanámskrár fyrir 2015.
- Skoða mætti hvort börn og foreldrar gætu komið meira að gerð skólanámskrár.
- Æskilegt væri að endurskoða notkun á umbunakerfinu SOS.

## Stjórnun og starfsmannamál

Rekstraraðili leikskólans Hjallatúns er Reykjanesbær. Sveitarfélagið starfrækir fræðsluskrifstofu sem hefur rekstrarlegt og faglegt eftirlit með skólum sveitarfélagsins. Markmið fræðsluskrifstofunnar er að veita sem besta kennslufræðilega og sálfræðilega ráðgjöf og aðstoða við umbóta- og þróunarstarf í grunnskólum og leikskólum samkvæmt skólafundum Reykjanesbæjar. Á vegum sveitarfélagsins starfar fræðsluráð sem er skipað fjórum fulltrúum sem eru pólitískt kjörnir af bæjarstjórn. Fulltrúar skólastjóra, starfsmanna og foreldra í Reykjanesbæ eiga setu á fundum fræðsluráðs með málfrelsi og tillögurétt. Hlutverk ráðsins er að fara með málefni leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla.<sup>34</sup> Fræðsluskrifstofa annast sérfræðipjónustu við leik- og grunnskóla. Þar starfa leikskólafulltrúi, sérkennslufulltrúi, sérkennsluráðgjafi og sálfræðingar. Að sögn formanns fræðsluráðs er eftirlit með leikskólum og upplýsingagjöf til fræðsluráðs í höndum leikskólafulltrúa. Fræðsluráð fer yfir starfsáætlanir og ársskýrslur frá leikskólum. Ekki hafa komið upp formleg mál í tengslum við starfsemi leikskólans Hjallatúns og formaður fræðsluráðs lýsti yfir trausti til leikskólastjórans og starfsfólks í viðtali og tók fram að hann telji að leikskólinn hafi staðið sig vel.<sup>35</sup>

Leikskólastjóri Hjallatúns hóf störf haustið 2006. Hann leggur áherslu á að samstarf stjórnenda, þ.e. leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra, sé mjög gott. Það sama kom fram í viðtali við aðstoðarleikskólastjóra. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri hafa ekki gert með sér skriflegan samstarfssamning.<sup>36</sup> Deildarstjórar eru stjórnendur á sinni deild og bera ábyrgð á starfsemi hennar og

<sup>30</sup> Viðtal við leikskólastjóra.

<sup>31</sup> Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

<sup>32</sup> Viðtal við leikskólastjóra.

<sup>33</sup> Rýnihópaviðtal við deildarstjóra.

<sup>34</sup> Heimasíða Reykjanesbæjar.

<sup>35</sup> Viðtal við formann fræðsluráðs.

<sup>36</sup> Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

samvinnu milli deilda. Deildarstjórar funda vikulega og sitja leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri/sérkennslustjóri þessa fundi. Verkferlar varðandi ábyrgð deildarstjóra eru ekki skriflegir en þeir starfa eftir starfslýsingu sem er að finna í handbók frá árinu 2005. Leikskólastjóri fundar einu sinni í mánuði með fræðslustjóra og leikskólafulltrúa ásamt öðrum leikskólastjórum í Reykjanesbæ.<sup>37</sup> Listi yfir fundi innan leikskólans er í starfsmannahandbók leikskólans og þar kemur fram markmið hvers fundar og hversu oft þeir skuli haldnir. Fimm starfsmannafundir eru á ári og deildarstjórafundir eru haldnir á tveggja vikna fresti. Deildarfundir (heimastofufundir) eru skipulagðir af deildarstjórum og ekki fastákveðinn fjöldi á ári. Fjórir skipulagsdagar eru á ári og eru þeir nýttir undir vinnu við gerð nýrrar skólanámskrár og fyrir þróunarverkefnið Hringekjuna. Í viðtali við aðstoðarleikskólastjóra kom fram að mikil áhersla er lögð á jákvæð samskipti. Unnið er eftir hugmyndfræði bókarinnar FISKUR! En megininntak hennar er að auka megi vinnugleði og bæta starfsárangur með því að ræða málin skipulega og af einlægni. Þeir sem tileinka sér þessa lífsspeki:

- leika sér
- gera öðrum daginn eftirminnilegan
- eru til staðar (gefa öðrum gaum)
- velja sér viðhorf<sup>38</sup>

Aðstoðarleikskólastjóri telur þetta mjög gott tæki og auðvelt að tileinka sér boðskapinn. Það virki yfirleitt vel þó stundum verði misbrestur á notkun þess: „Til dæmis þegar eitthvað kemur upp á reiði og þess háttar, þá á fólk til að rjúka út og gleymir að nota ráðin úr Fiskinum, en auðvitað leggjum við áherslu á það alla daga að horfa á jákvæðu hlið manneskjunnar“.<sup>39</sup>

### Stjórnskipulag og skipurit

Ekki er til skipurit fyrir leikskólann en í námskrá leikskólans frá 2009-2010 er greint frá þeim stöðum sem eru við leikskólann og hlutverkum stjórnenda, deildarstjóra, leikskólakennara og leiðbeinenda, sérkennslustjóra, matráðs og starfsfólks í eldhúsi.<sup>40</sup> Starfslýsingar fyrir allt starfsfólk er að finna í starfsmannahandbók leikskólans frá árinu 2005.<sup>41</sup> Ákvarðanatöku innan leikskólans er fyrst og fremst í höndum stjórnenda en deildarstjórar koma einnig að ákvarðanatöku og allir starfsmenn eru hvattir til að setja fram sínar hugmyndir. Að mati stjórnenda og starfsmanna er ákvarðanatöku ágætlega skilvirk og ánægja virðist vera með stjórnun leikskólans af hálfu starfsmanna og foreldra. Að sögn deildarstjóra og starfsmanna hafa þeir gott aðgengi að stjórnendum, eru vel upplýstir um boðleiðir og finnst verkaskipting milli stjórnenda skýr þó hún sé ekki skrifleg. Foreldrar segja að auðvelt sé að ná sambandi við stjórnendur og deildarstjóra.<sup>42</sup> Í rýnihópi starfsmanna kom fram að stjórnendur treysta þeim fyrir verkefnum og þeim er hrósað þegar vel gengur.<sup>43</sup> Í rýnihópi barnanna kom fram að þau vita hvað leikskólastjórinn heitir og aðspurð um hvað hann gerir sögðu þau að hann réði í leikskólanum og væri í tölvunni. Greinilegt er að þau hafa gott aðgengi að leikskólastjóra og þau nefndu dæmi um það.

### Starfsáætlun, starfsmannastefna og áætlanir varðandi starfsmannamál

Leikskólinn gefur árlega út starfsáætlun, eins og lögbundið er. Hana er að finna á heimasíðu leikskólans. Þar er að finna upplýsingar um starfsmannabreytingar, áherslur í uppeldisstarfinu fyrir næsta skólaár, upplýsingar um innleiðingu aðalnámskrár, símenntunaráætlun starfsmanna, upplýsingar um skipulagsdaga og áherslur í foreldrasamstarfi. Leikskólinn þarf ekki að skila ársskýrslu til fræðsluráðs. Starfsmannasamtöl eru tvisvar á ári fyrir alla starfsmenn. Stjórnendur taka viðtöl við deildarstjóra og annað viðtalið við starfsmenn en deildarstjórar taka hitt.<sup>44</sup> Ferill fyrir móttöku nýrra starfsmanna er í

<sup>37</sup> Gögn frá leikskólastjóra.

<sup>38</sup> Lundin, Stephen C., Paul Christiansen og John Christiansen. 2011.

<sup>39</sup> Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

<sup>40</sup> Skólanámskrá Hjallatúns 2009-2010.

<sup>41</sup> Gögn frá leikskólastjóra - Starfsmannahandbók leikskólans.

<sup>42</sup> Rýnihópaviðtöl við deildarstjóra, starfsmenn og foreldra.

<sup>43</sup> Rýnihópaviðtöl við starfsmenn.

<sup>44</sup> Gögn frá leikskólastjóra - Starfsmannahandbók.

starfsmannahandbók.<sup>45</sup> Reykjanesbær hefur sett sér forvarnarstefnu sem tekur til allra starfsmanna og stofnana bæjarfélagsins og markmið hennar er að stuðla að auknu heilbrigði og hamingju barna, ungmenna og fjölskyldna þeirra.<sup>46</sup> Leikskólinn er með áfallaáætlun en ekki eineltisáætlun.

### Styrkleikar

- Stjórnun leikskólans er samkvæmt lögum og almennum reglum um stjórnunarhætti.
- Samvinna stjórnenda við fræðsluskrifstofu er góð og funda þessir aðilar reglulega.
- Samvinna stjórnenda er góð og verkaskiptin skýr þó hún sé ekki skrifleg.
- Ákvarðanatataka er í höndum stjórnenda með aðkomu deildarstjóra.
- Almennt ríkir sátt um stjórnun leikskólans meðal starfsmanna og foreldra.
- Leikskólinn hefur sett sér starfsmannastefnu.
- Allir starfsmenn fara reglulega í starfsmannasamtöl.
- Móttökuáætlun er fyrir nýja starfsmenn í starfsmannahandbók.
- Leikskólinn hefur mótað eigin áherslur varðandi kennslu barna sem eiga annað móðurmál en íslensku.
- Skipulag funda liggur fyrir.
- Starfslýsingar eru fyrir alla starfsmenn

### Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að endurskoða starfsmannahandbók og í tengslum við það gera skipurit sem endurspeglar stjórnskipulag leikskólans.
- Æskilegt er að gera eineltisáætlun.

## Uppeldi, menntun og umönnun

Í aðalnámskrá leikskóla er lögð áhersla á gildi leiksins og mikilvægi lýðræðis og jafnréttis í öllu leikskólastarfi. Þar segir: Leikur er órjúfanlegur þáttur bernskuáranna og þungamiðja leikskólastarfsins. Leikur er meginnámsleið barna. Hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn.<sup>47</sup>

Eitt af lykilatriðum í uppeldisstefnu leikskólans er að efla tilfinningagreind með því að gefa hverju barni tíma og leggja áherslu á nærveru, umhyggju og hlýju.<sup>48</sup> Í leikskólanum Hjallatúni er lögð áhersla á leikinn sem námsleið barnanna<sup>49</sup> og í skólanámskrá er fjallað um leikinn sem námsleið og að leiknum sé gefið gott rými.<sup>50</sup> Í starfi með Hringekjuna gefast tækifæri fyrir börnin til að taka þátt í skipulögðum verkefnum eða leika sér í frjálsum leik þar sem frjálst val er um svæði, innan dyra eða utan, gott aðgengi að efnivið og frjálst val um leikfélaga. Húsnæðið er vel nýtt fyrir leik og starf allan daginn. Í Hringekjunni eru sameiginleg svæði leikskólans nýtt, sem og deildirnar.

### Leikföng og efniviður

Í leikskólanum Hjallatúni er ekki til ákveðin stefna um leikföng og efnivið. Þegar leikskólinn opnaði árið 2001 var rætt um leikföng og efnivið og ákveðið var að bjóða upp á hefðbundin leikföng, eins og

<sup>45</sup> Gögn frá leikskólastjóra - Starfsmannahandbók.

<sup>46</sup> Heimasíða Reykjanesbæjar.

<sup>47</sup> Aðalnámskrá leikskóla 2011.

<sup>48</sup> Gögn frá leikskólastjóra - Starfsgrundvöllur leikskólans.

<sup>49</sup> Viðtal við leikskólastjóra og rýnihópaviðtal við deildarstjóra.

<sup>50</sup> Skólanámskrá Hjallatúns.

dúkkur og bollastell. Í listalandi er lögð áhersla á að nýta verðalausan efnivið til sköpunar.<sup>51</sup> Gætt er að því að efniviðurinn sé fjölbreyttur og lögð er áhersla á að efniviðurinn og leikföngin séu aðgengileg fyrir börnin. Ánægja er með efniviðinn en óánægja er með útileiksvæðið.<sup>52</sup> Börnunum í rýnihópi finnst vera mikið af skemmtilegum leikföngum í leikskólanum.<sup>53</sup> Í vettvangsathugunum mátti sjá hefðbundin leikföng í bland við opinn efnivið á borð við einingakubba og holukubba og leikefni er aðgengilegt fyrir börnin.

## Líðan barna

Í öllu starfi leikskólans er lögð áhersla á að börnunum líði vel. Hugmyndafræði og starfsaðferðir leikskólans endurspeglar umhyggju fyrir líðan allra. Glettni og jákvæðni einkenna starfið í Hjallatúni sem stuðlar að vellíðan allra. Í rýnihópi barna var spurt um líðan þeirra og sögðu þau að öllum líði vel í leikskólanum og könnuðust ekki við að einhverjum í barnahópnum líði ekki vel.<sup>54</sup> Foreldrar í rýnihópi eru sammála því og segja að börnin séu almennt ánægð að koma í leikskólann. Foreldrar eru ánægðir með hvernig er tekið á móti börnunum í leikskólanum.<sup>55</sup> Þar er starfsmaður á ganginum sem tekur á móti börnunum þegar þau koma. Þau setjast í sófa á ganginum og spjalla stuttlega áður en barnið fer inn á deild. Þetta fyrirkomulag var upphaflega bara á eldri deildum en er nú einnig á yngri deildunum. Mikil ánægja er með fyrirkomulagið í starfsmannahópnum og finnst starfsfólki „meira bjóðandi“ að taka á móti börnunum í sófanum heldur en inni á deild. Lögð er áhersla á að taka glaðlega á móti börnunum og bjóða góðan dag með nafni barnsins. Unnið er með námsefnið Stig af stigi í leikskólanum og er það notað sem hluti af verkefnum elstu barnanna. Stig af stigi er notað til að þjálfra félags- og tilfinningaþroska barna á aldrinum 4-10 ára.<sup>56</sup> Í leikskólanum eru SOS hegðunarmótandi aðferðir viðurkenndar sem áhrifarík leið til að beita aga á jákvæðan og viðurkennandi hátt. SOS hegðunarmótun byggist á kenningum atferlisfræðinnar.<sup>57</sup> Námsefnið er kennt þrisvar í viku í hópasamveru með elstu börnunum og einnig fléttað inn í daglegt líf í leikskólanum. Sett eru fram þrjú markmið:

- að skilja aðra og láta sér lynda við þá
- að leysa úr vanda og nota til þess félagslegan skilning
- að kunna að umgangast reiði og draga úr æsingi<sup>58</sup>

## Lýðræði og mannréttindi

Í leikskólanum Hjallatúni er lögð áhersla á lýðræði, að raddir barnanna fái að heyrast og að þau hafi áhrif á starf leikskólans. Starf með Hringekjuna stuðlar að þessum þáttum og hefur ýtt undir lýðræðisleg vinnubrögð innan leikskólans. Börnin hafa áhrif á hvaða viðfangsefni er boðið upp á í Hringekjunni. Þau hafa val um viðfangsefni, bæði skipulögð verkefni og frjálsan leik.<sup>59</sup> Í rýnihópi barna kom fram að þau upplifðu að þau hefðu val um viðfangsefni. Þau sögðust ráða við hverja þau leika og með hvað en starfsfólk ákveður hvert er farið í vettvangsferðum og hvað er gert í samverustundum. Varðandi reglur í leikskólanum sögðust þau þekkja þær, það væri bannað að hlaupa og bannað að fíkta í ljósunum. Börnin sögðust ekki taka þátt í búa til reglur í leikskólanum.<sup>60</sup> Í samtali við leikskólustjóra kom fram að í leikskólanum eru reglur eins og að við meiðum ekki en börnin geta haft áhrif á reglurnar og þær eru ræddar í samverustundum og í minni hópum.<sup>61</sup> Í vettvangsathugunum sáu úttektaraðilar að börnin fara á það svæði sem vekur áhuga þeirra hverju sinni. Þau fara óhindrað á milli svæða og fylgja áhuga

<sup>51</sup> Viðtal við leikskólustjóra.

<sup>52</sup> Rýnihópaviðtal við deildarstjóra og starfsmenn.

<sup>53</sup> Rýnihópaviðtal við börn.

<sup>54</sup> Rýnihópaviðtal við börn.

<sup>55</sup> Rýnihópaviðtal við foreldra.

<sup>56</sup> Lundin, Stephen C., Paul Christiansen og John Christiansen. (2011). Stig af stigi.

<sup>57</sup> Clark, L. (2000).

<sup>58</sup> Námskrá Hjallatúns.

<sup>59</sup> Viðtal við leikskólustjóra og rýnihópaviðtal við deildarstjóra.

<sup>60</sup> Rýnihópaviðtal við börn.

<sup>61</sup> Viðtal við leikskólustjóra.

og/eða vinum sínum. Í leikskólanum er dagskipulag en því er breytt eftir þörfum eða tækifærum sem bjóðast. Deildarstjórar nefndu dæmi um snjókomu einn daginn. Samkvæmt dagskipulagi var Hringekjan á dagskrá en börnunum langaði að fara út að leika í nýföllnum snjónum. Því var brugðið út frá dagskipulaginu, Hringekjan var tekin af dagskrá og allir fóru út að leika í snjónum.<sup>62</sup>

## Samskipti og hegðun

Í leikskólanum Hjallatúni er lögð áhersla á jákvæð samskipti sem einkennast af glettni og léttleika.<sup>63</sup> Eins og áður hefur komið fram er unnið eftir þeirri hugmyndafræði sem birtist í bókinni Fiskur! Aðstoðarleikskólastjóri sagði í viðtali að gott sé vinna eftir þeirri hugmyndafræði og auðvelt að tileinka sér boðskapinn sem kemur þar fram.<sup>64</sup> Á starfsdegi á haustönninni 2013 var starfsfólk leikskólans sammála um að samskipti í starfsmannahópnum hafi áhrif á samskipti við börn og foreldra. Því var sammælt um leggja áherslu á jákvæð samskipti í starfsmannahópnum. Virðing, traust og gleði eru þeir þættir sem ákveðið var að hafa að leiðarljósi í samskiptum.<sup>65</sup> Mikið er rætt um samskipti við börnin innan starfsmannahópsins og lögð er áhersla á að samskiptin séu jákvæð og einkennist af virðingu. Þá er lagt upp úr því að fara í hæð barnanna, hlusta á þau og veita þeim hrós og faðmlög.<sup>66</sup> Í vettvangsathugunum sáu úttektaraðilar mörg dæmi um þetta, farið var í hæð barnanna og voru leikskólakennarar og starfsfólk oft á gólfinu hjá börnunum. Samskiptin einkenndust af gleði og virðingu þegar rætt var við börnin. Eins og fram hefur komið er unnið með SOS hegðunarkerfið í leikskólanum. Á veggjunum má sjá myndir af þeirri hegðun sem óskað er eftir og er veitt umbun fyrir jákvæða hegðun. Í vettvangsathugunum urðu úttektaraðilar lítið varir við árekstra meðal barnanna og ríkti gleði og áhugi um viðfangsefnin hverju sinni.

## Skólaþróun

Leikskólinn tók þátt í verkefni á vegum Reykjanesbæjar sem bar yfirskriftina Lestrarmenning í Reykjanesbæ og hófst formlega 8. apríl 2003. Verkefniðvar þriggja ára samfélagslegt þróunarverkefni sem náði til leik- og grunnskóla, bókasafns, fjölskyldu- og félagsþjónustu, menningar- og tólmundastarfs, verkalýðsfélaga, fyrirtækja og samtaka í Reykjanesbæ. Verkefninu lauk formlega í apríl 2006. Þó að verkefninu sé formlega lokið er það áfram hluti af starfinu í Hjallatúni.<sup>67</sup> Í vettvangsathugun sáu matsmenn hvernig unnið er með lestur og stærðfræði og áhrif verkefnisins eru sýnileg í umhverfi barnanna. Hringekjan er fyrsta þróunarverkefni sem leikskólinn Hjallatún vinnur að.<sup>68</sup> Unnið hefur verið að því að þróa starfið með Hringekjuna frá árinu 2010.<sup>69</sup> Í vettvangsathugun sáu úttektaraðilar hvernig Hringekjan gekk fyrir sig. Í upphafi Hringekjunnar velja börnin sér viðfangsefni og það verður þeirra upphafsstöð. Leikskólakennarar og starfsfólk eru til staðar á ákveðnum svæðum þar sem boðið er upp á fyrirfram ákveðin verkefni tengd hverri greind í fjölgreindarkenningu Gardners. Börnin geta farið á milli svæða að vild. Börnin geta einnig sótt sér þann efnivið sem þau kjósa að leika sér með og valið sér svæði til að leika sér. Með tilkomu Hringekjunnar hefur starf með fjölgreindarkenningu Gardners orðið markvissari, frjálsa leiknum er gefið aukið rými og stuðlað er að jákvæðum samskiptum og lýðræði.<sup>70</sup> Með þróunarverkefninu hefur fagleg umræða í starfsmannahópnum aukist.<sup>71</sup> Foreldrar hafa fengið að kynna Hringekjuna af eigin raun þar sem þeim var boðið að taka þátt í starfinu, vera með í leik og vinna verkefni.<sup>72</sup> Mikil ánægja er með verkefnið og í viðtölum kom fram mikið stolt af starfinu með Hringekjuna og því sem það hefur leitt af sér.<sup>73</sup>

<sup>62</sup> Rýnihópaviðtal við deildarstjóra.

<sup>63</sup> Viðtöl við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra, rýnihópaviðtöl við deildarstjóra og starfsmenn.

<sup>64</sup> Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

<sup>65</sup> Starfsáætlun Hjallatúns 2013-2014.

<sup>66</sup> Rýnihópaviðtöl við deildarstjóra og starfsmenn.

<sup>67</sup> Gögn frá leikskólastjóra.

<sup>68</sup> Viðtal við leikskólastjóra.

<sup>69</sup> Starfsáætlun Hjallatúns 2013-2014.

<sup>70</sup> Starfsáætlun 2013-2014.

<sup>71</sup> Rýnihópaviðtal við deildarstjóra.

<sup>72</sup> Viðtal við leikskólastjóra.

<sup>73</sup> Viðtöl við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra, rýnihópaviðtöl við deildarstjóra og starfsmenn.



## Styrkleikar

- Í leikskólanum er lögð áhersla á leikinn sem námsleið barnanna.
- Húsnæðið er vel nýtt fyrir leik og starf allan daginn.
- Leikföng og efniviður eru aðgengileg fyrir börnin.
- Börnin eru ánægð með leikföngin í leikskólanum.
- Unnið er með Stig af stigi til að þjálfa félags- og tilfinningaþroska barnanna.
- Notaðar eru SOS hegðunarmótandi aðferðir sem leið til að beita aga á jákvæðan og viðurkennandi hátt.
- Lögð er áhersla á að raddir barnanna fái að heyrast og að þau hafi áhrif á starf leikskólans.
- Börnin upplifa að þau hafi val um viðfangsefni.
- Börnunum líður vel í leikskólanum.
- Lögð er áhersla á jákvæð samskipti.
- Hugmyndafræði og starfsaðferðir leikskólans endurspeglu umhyggju fyrir líðan allra.
- Í Hringekjunni gefast tækifæri fyrir börnin til að taka þátt í skipulögðum verkefnum eða leika sér í frjálsum leik.
- Frjálst val er um leiksvæði innan dyra, gott aðgengi að efniviði og frjálst val um leikfélaga.
- Sýnilegt er hvernig unnið er með lestur og stærðfræði í leikskólanum.

## Skólabragur og samskipti

Í leikskólanum er til starfsmannahandbók frá árinu 2005 og þarfnast hún endurskoðunar. Starfsmannastefna leikskólans kemur fram í starfsmannahandbókinni. Þar eru talin upp nokkur hugtök sem starfsfólk á að hafa að leiðarljósi í samskiptum sínum og í samskiptum við börn og foreldra. Leggja skal áherslu á kærleika, heiðarleika, jafnaðargeð, sjálfsstjórn, víðsýni, þakklæti, hrós, tillitsemi, traust, ábyrgð, kurteisi, jákvæðni og húmor.

Einkunnarorð starfsmannastefunnar eru „að koma fram við aðra eins og við viljum að komið sé fram við okkur“. Í starfsmannahandbók leikskólans er móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn.<sup>74</sup> Fram kom í viðtölum við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra að þeir telja að góður starfsandi ríki innan leikskólans og sama kom fram hjá deildarstjórum og starfsmönnum.<sup>75</sup> Hjá deildarstjórum kom fram að þeir telja stjórnendur fylgjast vel með starfinu í leikskólanum en mætti hugsanlega hrósa meira einstaklingslega og einnig mættu starfsmenn gera meira af því að hrósa hver öðrum. Stjórnendur hrósa starfsfólki meira yfir allan hópinn.<sup>76</sup> Þetta kemur heim og saman við það sem leikskólastjóri segir um hrós: „Við stjórnendur leggjum áherslu á að hrósa fólkinu reglulega á fundum því það góða starf sem á sér stað í leikskólanum ætti sér ekki stað án þess og við viljum að fólkið viti af því.“<sup>77</sup> Í endurmati starfsfólks frá 2012 kom fram að starfsmenn hrósi hver öðrum oft eða stundum og fái oft hrós frá stjórnendum. Einnig kom fram að starfsmenn mættu hrósa stjórnendum oftar.<sup>78</sup>

## Starfsandi

Starfsandi er góður í leikskólanum að mati stjórnenda og starfsmána. Í viðtali við deildarstjóra og í rýnihópi starfsmanna kom fram að þeir telja að starfsandinn sé góður og ef tilfinning er fyrir að hann sé að dala kalla stjórnendur saman fund til að ræða málin: „Við erum góðar í að ræða saman á

<sup>74</sup> Gögn frá leikskólastóra - Starfsmannahandbók.

<sup>75</sup> Viðtöl við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra og rýnihópaviðtöl við deildarstjóra og starfsmenn.

<sup>76</sup> Rýnihópaviðtal við deildarstjóra.

<sup>77</sup> Viðtal við leikskólastjóra.

<sup>78</sup> Gögn frá leikskólastjóra – Endurmat starfsmanna 2012.

fundum um það sem ekki er í lagi, reynum að laga hlutina án þess að koma með sprengjur“. Hópurinn styrkir einstaklinginn þegar við á og óskráð regla er að yngri deildirnar gangi fyrir með starfsmenn ef undirmannað er í leikskólanum. Starfsmannahópurinn er líka duglegur að hittast utan vinnustaðarins, fara t.d. í vorferð, óvissuferð, vinapartý, bingó o.fl.<sup>79</sup> Í viðhorfskönnun sem leikskólinn gerði meðal starfsmanna 2012 kemur fram að starfsfólk telur að samskipti séu góð, samskipti við stjórnendur mjög góð og meirihluti starfsmanna telur sig þekkja lífsspeki bókarinnar FISKUR! Starfsmenn leikskólans hafa undanfarin ár unnið að því að tileinka sér lífsspeki hennar en hún gengur út á að temja sér ákveðnar hefðir í samskiptum: að velja sér viðhorf, að vera til staðar, að leika sér og að gera daginn eftirminnilegan.<sup>80</sup> Í starfsáætlun leikskólans 2013-2014 segir að lífsspeki Fisksins sé orðin hluti af menningu starfsmanna Hjallatúns. Í starfsáætluninni kemur einnig fram að haldið verði áfram að vinna með samskipti starfsfólks og nota Fiskinn sem hjálpartæki. Lögð verði áhersla á að virðing, traust og gleði séu það mikilvægasta í samskiptum. Í viðtölum við stjórnendur, deildarstjóra, starfsmenn og foreldra kom fram að þessi vinna er einn af undirstöðupáttunum í samskiptum starfsfólks innan leikskólans og í samskiptum við börn og foreldra. Fram kom í þessum viðtölum að almenn ánægja er með Fiskinn en stjórnendur bentu á að nauðsynlegt er að fylgjast vel með að lífsspeki Fisksins sé fylgt við allar aðstæður.<sup>81</sup>

## Jafnrétti

Leikskólinn hefur ekki sett sér jafnréttisstefnu en starfar samkvæmt jafnréttisáætlun Reykjanesbæjar. Í henni segir m.a. að stefnan taki til stjórnkerfis Reykjanesbæjar, starfsmanna bæjarins og til starfsemi og þjónustu sem stofnanir bæjarins veita bæjarbúum. Markmiðið er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins og allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína, óháð kynferði. Í leikskólanum er mikil umræða um lýðræði og hvernig mögulegt sé að nýta mannauðinn betur og gefa starfsmönnum tækifæri til að þróa styrkleika sína, „Gott að læra að við erum ekki öll eins.“<sup>82</sup>

## Styrkleikar

- Almennt er skólabragur jákvæður í leikskólanum.
- Í viðtölum við stjórnendur og starfsmenn kom fram að starfsandinn er góður í leikskólanum.
- Stjórnendur taka strax á ágreiningsmálum innan starfsmannahópsins.
- Í leikskólanum er unnið samkvæmt lífsspeki Fisksins og er hún orðin hluti af starfsmannamenningu leikskólans.
- Leikskólinn hefur gert starfsmannahandbók.
- Í starfsmannahandbók er móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn.

## Tækifæri til umbóta

- Æskilegt væri að endurskoða starfsmannahandbók leikskólans.

<sup>79</sup> Rýnihópaviðtöl við deildarstjóra og starfsmenn.

<sup>80</sup> Lundin, Stephen C., Paul Christiansen og John Christiansen. 2011.

<sup>81</sup> Viðtöl við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra, rýnihópaviðtöl við deildarstjóra, starfsmenn og foreldra.

<sup>82</sup> Viðtal við leikskólastjóra.

## Mat á námi og velferð barna

Til að meta nám og framfarir barnanna er notast við skráningar sem gerðar eru í Hringekjunni. Þar er fylgst með börnunum og skráð hvaða svæði þau velja sér og fylgst með hvernig þau nýta sér þau námstilboð sem boðið er upp á.<sup>83</sup> Markmið skólaársins hvað varðar Hringekjuna eru meðal annars að þróa ferli skráninga sem yrði í höndum barnanna sjálfra og að búa til skráningarferli sem heldur foreldrum vel upplýstum um stöðu hvers barns með tilliti til hverrar greindar.<sup>84</sup> Skráningar sem gerðar eru í tengslum við Hringekjuna eru ræddar og ígrundaðar á starfsmannafundum. Einnig eru fylltir út gátlistar til að meta framfarir barnanna. Gátlistarnir taka mið af mismunandi aldri barnanna. Notast er við HLJÓM-2 til að meta hljóðkerfisvitund barnanna. Foreldrar geta tekið þátt í að meta þroska og framfarir barnanna með Skólapúlsinum. Það er nýtt fyrirkomulag en áður gátu foreldrar svarað mati sem var sent frá leikskólanum.<sup>85</sup> Vonast er til að með Skólapúlsinum fái allir foreldrar að hafa áhrif á leikskólastarfið og nám barnanna sinna þar sem hægt er að nálgast spurningalista á ýmsum tungumálum. Einnig eru börnin staðsett í greindunum sem fjallað er um í fjölgreindarkenningu Gardners. Verið er að vinna í því að útbúa bók barnsins þar sem þróun og þroska barnanna verður fylgt eftir frá upphafi leikskóladvalarinnar þar til þau útskrifast. Fylgst verður með þróun barnanna út frá greindum í fjölgreindarkenningu Gardners.<sup>86</sup> Tvisvar á ári eru foreldrasamtöl, í því fyrra er farið yfir starf komandi vetrar og í því seinna er farið yfir líðan og þroska barnanna.<sup>87</sup> Í foreldraviðtölum eru framfarir barnanna ræddar út frá fjölgreindarkenningu Gardners, framfarir barnanna í hverri greind fyrir sig, styrkleikar barnanna og hvaða þætti má efla.<sup>88</sup>

### Styrkleikar

- Fjölbreyttar leiðir eru notaðar til að meta nám og velferð barnanna.
- Mat á námi og velferð barnanna fer fram allt árið.
- Samstarf er við Skólapúlsinn.

## Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Leikskólinn hefur fram til þessa séð um að gera foreldrakönnun en framvegis fara slíkar kannanir fram í gegnum Skólapúlsinn. Í foreldrakönnun sem leikskólinn gerði í febrúar 2014 kemur fram að almennt eru foreldrar sem svara ánægðir með leikskólann, börnunum líður vel, dagleg samskipti eru góð (heilsa og kveðja), gott er að eiga samskipti við deildarstjóra og starfsmenn og foreldrar eru ánægðir með foreldraviðtöl.<sup>89</sup> Foreldrasamtöl eru tvisvar á ári, í október og mars. Farið er yfir hvernig barnið aðlagast í leikskólanum, almenna líðan, sterkustu eiginleika barnsins og starfið framundan. Einnig eru kynntar niðurstöður úr HLJÓM-2 og öðrum gátlistum sem unnið er með í leikskólanum.<sup>90</sup> Foreldrar í rýnihópi sögðu að einnig væri farið yfir hvernig barnið standi sig í lestri. Fram kom í rýnihópnum að foreldrar eru ánægðir með samskipti sín við stjórnendur og starfsfólk leikskólans. Sóst er eftir rýni foreldra og tekið tillit til þess sem foreldrar hafa fram að færa. Vel er brugðist við ábendingum og tillögum. Dæmi um það er að foreldrar voru ekki sáttir við móttöku barna á öðrum ganginum, starfsfólk brást vel við og breytti móttökunni í samræmi við óskir foreldra.<sup>91</sup> Aðspurðir um upplýsingamiðlun leikskólans sögðust foreldrar fá upplýsingar í tölvupósti, á töflu í fataklefa, á facebook og frá starfsmönnum í lok dags. Auðvelt er að ná sambandi við stjórnendur og alltaf hægt að ræða við starfsfólkið þegar þörf er á. Foreldrar telja heimasíðu leikskólans hafa dalað, hún sé ekki nægilega virk og ekki hægt að finna á henni nægilegar upplýsingar, t.d. er matseðill ekki settur á heimasíðu. Varðandi upplýsingar til foreldra sem ekki skilja íslensku sögðu foreldrar að tilkynningar sem sendar væru í tölvupósti væru á íslensku, pólsku og ensku.<sup>92</sup> Tilkynningar og upplýsingar sem hengdar eru upp í leikskólanum eru á íslensku og pólsku.

<sup>83</sup> Viðtal við leikskólastjóra og viðtal við deildarstjóra.

<sup>84</sup> Starfsáætlun Hjallatúns 2013-2014.

<sup>85</sup> Rýnihópaviðtal við deildarstjóra.

<sup>86</sup> Viðtal við leikskólastjóra.

<sup>87</sup> Starfsáætlun Hjallatúns 2013-2014 og rýnihópaviðtal við starfsmenn.

<sup>88</sup> Rýnihópaviðtal við deildarstjóra.

<sup>89</sup> Gögn frá leikskólastjóra - Foreldrakönnu.

<sup>90</sup> Starfsáætlun Hjallatúns 2013-2014.

<sup>91</sup> Rýnihópaviðtal við foreldra.

<sup>92</sup> Rýnihópaviðtal við foreldra.

Í leikskólanum er til móttökuáætlun fyrir börn sem eru að byrja í leikskólanum. Haldinn er kynningarfundur fyrir foreldra sem eru að byrja með börn í leikskólanum þar sem þeim er afhentur kynningarbæklingur og aðlögunaráætlun. Þegar börn flytjast milli ganga er haldinn kynningarfundur fyrir foreldra. Kynning er á verkefnum elstu barnanna í nóvember. Fjórum sinnum á ári er foreldrum boðið í morgunkaffi og nýtur það mikilla vinsælda. Þar er yfirleitt boðið upp á myndasýningu af börnunum í starfi og vekur það ánægju, bæði hjá börnum og foreldrum. Foreldrum elstu barnanna er tvisvar á ári boðið í síðdegishressingu í tengslum við kynningarfund að hausti og útskriftarhátíð að vori. Árlega eru ömmu- og afadagar í leikskólanum. Á degi leikskólans er foreldrum boðið að taka þátt í Hringekjunni og foreldrar eru alltaf velkomnir þegar þeir vilja taka þátt eða fylgjast með starfinu.<sup>93</sup> Í rýnihópi foreldra kom fram að afar og ömmur hafa komið í leikskólann til að lesa fyrir börnin og foreldrar hafa tekið þátt í Hringekjunni.<sup>94</sup>

### Foreldraráð og foreldrafélag

Foreldraráð er starfandi við leikskólann en í því sitja þrjú foreldrar sem eru kosnir að hausti ár hvert. Fram kemur á heimasíðu að hlutverk foreldraráðs sé samkvæmt 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 að gefa umsagnir um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Ráðið skuli einnig fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana inna leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu. Leikskólastjóri fundar með foreldraráði þegar þörf krefur. Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og á heimasíðu leikskólans má finna upplýsingar um tilgang félagsins, verkefni og fulltrúa í stjórn.<sup>95</sup>

### Samstarf leikskóla og grunnskóla

Holtaskóli er heimaskóli Hjallatúns og hefur samstarf milli skólanna verið í föstum skorðum s.l. fimm ár. Gerð er áætlun fyrir hvert skólaár og er hún metin árlega. Samstarfið byggist á gagnkvæmum heimsóknnum milli skólanna frá september til maí þar sem leikskólabörn fá m.a. að heimsækja bekki og taka þátt í kennslustundum og grunnskólabörn koma í leikskólann þar sem þau taka þátt í leik og njóta skemmtiatriða leikskólabarna. Í lok apríl er farið í heimsókn í Myllubakkaskóla, Njarðvíkurskóla og Akurskóla með þau börn sem hefja skólagöngu þar. Vorið áður en börnin byrja í grunnskóla eru foreldrar elstu barnanna beðnir um að undirrita yfirlýsingu þar sem veitt er leyfi fyrir því veita megi upplýsingar varðandi barnið í grunnskólann. Átt er við gátlista, kannanir og einstaklingsnámskrár.<sup>96</sup>

### Annað samstarf

Leikskólinn er ekki í formlegu samstarfi við stofnanir í Reykjanesbæ. Leikskólar í sveitarfélaginu eru þó í óformlegu samstarfi, leikskólabörn fara í heimsókn á elliheimilið og heimsækja reglulega ýmsar stofnanir samfélagsins, s.s. lögreglu og slökkvilið. Kirkjuheimsókn er einu sinni á ári. Leikskólinn tekur árlega þátt í sameiginlegri listahátíð barna í Reykjanesbæ.<sup>97</sup>

### Styrkleikar

- Foreldraráð og foreldrafélag eru starfandi við leikskólann.
- Foreldrar eru ánægðir með samstarfið við stjórnendur og starfsfólk leikskólans.
- Leikskólinn notar fjölbreyttar leiðir til að auka tengsl milli leikskóla og fjölskyldu.
- Í leikskólanum er sóst eftir rýni foreldra og brugðist við ábendingum þeirra.

<sup>93</sup> Gögn frá leikskólastjóra. Viðtöl við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra, rýnihópaviðtöl við deildarstjóra og starfsmenn.

<sup>94</sup> Rýnihópaviðtal við foreldra.

<sup>95</sup> Starfsáætlun Hjallatúns.

<sup>96</sup> Heimasíða Hjallatúns.

<sup>97</sup> Viðtal við leikskólastjóra.

- Foreldrar eru ánægðir með foreldrasamtöl og þær upplýsingar sem gefnar eru.
- Haldnir eru kynningarfundir fyrir foreldra þegar börn eru að byrja í leikskólanum og þegar þau færast á milli ganga.
- Leikskólinn hefur sett sér áætlun varðandi aðlögun nýrra barna.
- Leikskólinn hefur gert áætlun um flutning barna milli deilda innan leikskólans.
- Gott samstarf er milli leikskólans og grunnskóla.
- Leikskólinn tekur þátt í árlegri listahátíð barna í Reykjanesbæ.
- Foreldrar, ömmur og afar taka þátt í leikskólastarfinu.

#### Tækifæri til umbóta

- Gagnlegt væri að bæta upplýsingar á heimasíðu leikskólans.

### Innra mat

Leikskólar eiga lögum samkvæmt að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs. Í slíku mati skal leitað eftir sjónarmiðum starfsmanna, barna og foreldra eftir því sem við á og birta upplýsingar um það opinberlega.<sup>98</sup> Mat á starfi skóla hefur þann tilgang að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber. Annars vegar er um að ræða innra mat sem framkvæmt er af leikskólanum sjálfum og hinsvegar ytra mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélagsins, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila.<sup>99</sup>

Í leikskólanum Hjallatúni er gerð áætlun um innra mat á starfi leikskólans.<sup>100</sup> Starfsáætlun leikskólans byggist á innra mati síðasta skólaárs. Árið 2012 fór innra mat fram í starfsmannasamtölum deildarstjóra í september og starfsmannasamtölum leikskólastjóra vorið 2013. Einnig var starfsfólki skipt í hópá sem mátu skólaárið út frá spurningalista sem saminn var af leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Mat sem áætlað er að fari fram á skólaárinu 2013-2014 er eftirfarandi:

- Starfsmannasamtöl leikskólastjóra/aðstoðarleikskólastjóra, október 2013.
- Viðhorfskönnun fyrir foreldra í apríl 2014 samhliða foreldrasamtölum. Spurningar samdar af leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Mikilvægt að finna leið til þess að fá mat frá erlendum foreldrum.
- Endurmat í hópum á starfsmannafundi vorið 2014. Spurningar samdar af leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.
- Mat frá börnunum vorið 2014.<sup>101</sup>

Þegar unnið er að innra mati í leikskólanum eru tekin viðtöl við elstu börnin og þau spurð út í ákveðna þætti í starfinu. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri Hjallatúns stýra því hvaða þættir starfsins eru metnir en annað starfsfólk getur haft áhrif á það val. Allt starfsfólk kemur að því að meta starfið og vinna úr spurningalistunum sem ramma inn innra matið. Þegar niðurstöður úr innra matinu liggja fyrir er gerð umbótaáætlun og eru niðurstöður kynntar í fréttabréfi leikskólans. Niðurstöður úr innra mati, sem unnið var fyrir síðasta skólaár, leiddu í ljós að foreldrar voru óánægðir með hvernig tekið var á móti börnunum á yngri deildum. Á eldri deildum er tekið á móti börnunum við fataklefan í sófa sem er staðsettur þar við innganginn. Í kjölfarið var farið að taka á móti börnunum á yngri deildum á sama hátt og eru bæði foreldrar og starfsfólk ánægð með breytinguna.<sup>102</sup>

<sup>98</sup> Lög um leikskóla nr. 90/2008.

<sup>99</sup> Aðalnámskrá leikskóla 2011:25.

<sup>100</sup> Viðtal við leikskólastjóra.

<sup>101</sup> Starfsáætlun Hjallatúns 2013-2014.

<sup>102</sup> Viðtal við leikskólastjóra og rýnihópaviðtal við deildarstjóra.

### Styrkleikar

- Allir starfsmenn koma að innra mati.
- Stöðugt innra mat fer fram allt skólaárið.
- Elstu börnin taka þátt í innra mati.
- Umbótaáætlun er birt í starfsáætlun.

## Sérfræðiþjónusta og sérkennsla

Reykjanesbær rekur fræðsluskrifstofu sveitarfélagsins. Fræðsluskrifstofan sér um sérfræðiþjónustu fyrir leik- og grunnskóla samkvæmt reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga nr. 584.<sup>103</sup> Sérkennslufulltrúi leikskóla hefur yfirumsjón með sérkennslu og sérkennsluráðgjafi hefur eftirlit með sérkennslu í leikskólanum og veitir ráðgjöf og fræðslu. Sérkennsluráðgjafi hefur mánaðarlega viðveru í leikskólanum. Á fræðsluskrifstofu starfa einnig talmeinafræðingur og sálfræðingar sem sinna málum leikskólanna.<sup>104</sup> Við leikskólann er 50% staða sérkennslustjóra en aðstoðarleikskólastjóri gegnir nú því starfi tímabundið samhliða aðstoðarleikskólastjórastarfinu. Leikskólinn nýtir þjónustu sérkennsluráðgjafa og sálfræðings frá fræðsluskrifstofu og hefur aðgang að talmeinafræðingi. Sérkennslustjóri sér um að skrifa tilvísanir þegar grunur vaknar um þörf fyrir sérkennslu eða stuðning og málin eru svo tekin fyrir á skólaráðsfundi. Foreldrar skrifa alltaf undir tilvísanir.<sup>105</sup>

Í skólanámskrá leikskólans koma fram upplýsingar um sérfræðiþjónustu bæjarfélagsins og hvaða leiðir skuli fara til að leita hennar.<sup>106</sup> Leikskólinn hefur ekki sett stefnu um hvernig stuðningi og sérkennslu skuli háttáð eða áherslur í sérkennslu en samkvæmt upplýsingum frá sérkennslustjóra fer sú vinna fram á deildum, í minni hópum og einstaklingslega. Mikið er um málörvun í leikskólanum og fer hún að hluta til fram í minni hópum og einstaklingslega. Í starfsmannahandbók er skriflegur verkferill varðandi viðbrögð við grun um frávík.<sup>107</sup> Samkvæmt upplýsingum frá sérkennslustjóra er fylgst með framförum barna á deildum og leitað eftir álitum sérkennslustjóra ef deildarstjórar telja þörf á. Mikil áhersla er lögð á málörvun í leikskólanum, jafnt fyrir íslensk börn og börn sem eiga annað móðurmál.<sup>108</sup>

### Börn sem eiga annað móðurmál en íslensku

Leikskólinn starfar samkvæmt fjölmennningarstefnu Reykjanesbæjar frá árinu 2004 og hefur mótað sínar eigin áherslur varðandi kennslu barna sem eiga annað móðurmál en íslensku. Í leikskólanum er til móttökuáætlun fyrir börn af erlendum uppruna og foreldra þeirra. Þar er að finna ferla vegna fyrsta viðtals við foreldra, upplýsingagjöf leikskóla og undirbúning leikskólans fyrir komu barnsins. Lögð er áhersla á mikilvægi þess að börn viðhaldi móðurmáli sínu og að nota fjölbreyttar aðferðir við íslenskukennslu. Aðstoðarleikskólastjóri hefur yfirumsjón með íslenskukennslunni og honum til aðstoðar eru pólskumælandi kennarar. Í íslenskutímum er lögð áhersla á að efla orðaforða með bóklestri og kennt eftir Orðaspjallsaðferðinni. Í tímum fá börnin bæði orðaforðakennslu á íslensku og móðurmáli sínu.<sup>109</sup> Fram kom í samtali við aðstoðarleikskólastjóra að meirihluti barna í leikskólanum sem eiga annað móðurmál en íslensku sé pólskumælandi og þar sem tveir kennarar í leikskólanum eru pólskumælandi var ákveðið að reyna þessa leið í kennslunni. Matsmenn voru viðstaddir tvítyngdar samverustundir með eldri og yngri börnum. Ánægja er með verkefnið og vildu stjórnendur gjarnan hafa aðgang að kennurum fyrir þau börn sem tala önnur tungumál en pólsku. Auk

<sup>103</sup> Reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010.

<sup>104</sup> Heimasíða Reykjanesbæjar.

<sup>105</sup> Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra. Aðstoðarleikskólastjóri gegnir tímabundið stöðu sérkennslustjóra.

<sup>106</sup> Skólanámskrá Hjallatúns.

<sup>107</sup> Gögn frá leikskólastjóra – Starfsmannahandbók.

<sup>108</sup> Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

<sup>109</sup> Starfsáætlun Hjallatúns.

Þessarar kennslu fá börnin tíma í málörvun í einkatímum eða minni hópum þar sem lögð er áhersla á orðaforða og málskilning. Fram kom í viðtali við aðstoðarleikskólustjóra að skoða mætti hvernig hægt er að auka þátttöku allra starfsmanna í íslenskukennslu barnanna. Í undirbúningi er kynningarfundur í leikskólanum fyrir erlenda foreldra á þessu verkefni. Stjórnendur og starfsfólk er stolt af því að starfa í svo fjölmenningslegum leikskóla og hvernig þeim hefur tekist að skapa fordómalaust samfélag í leikskólanum. Síðastliðið vor fékk leikskólinn styrk frá Manngildissjóði Reykjanesbæjar til að halda námskeið og mæta öðrum kostnaði við kennslu tvítýngdu barnanna.<sup>110</sup>

### Styrkleikar

- Fræðsluskrifstofa bæjarfélagsins rekur sérfræðiþjónustu fyrir leikskóla og er góð samvinna milli leikskóla og sérfræðiþjónustu.
- Í leikskólanum er 50% staða sérkennslustjóra.
- Í skólanámskrá eru upplýsingar um sérfræðiþjónustu bæjarfélagsins.
- Í starfsmannahandbók er skriflegur verkferill um viðbrögð við grun um frávík.
- Leikskólinn hefur mótað sínar eigin áherslur varðandi kennslu barna sem eiga annað móðurmál en íslensku í samræmi við fjölmenningsarstefnu Reykjanesbæjar.
- Leikskólinn leggur áherslu á að börn viðhaldi móðurmáli sínu.
- Notaðar eru fjölbreyttar aðferðir við íslenskukennslu barna sem eiga annað móðurmál.

### Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að leikskólinn móti sér sérkennslustefnu.
- Gagnlegt væri að skoða hversu meðvitað starfsfólk er almennt um hlutverk sitt í íslenskukennslu barna sem eiga annað móðurmál en íslensku.

## Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í skólastarfi leikskólans Hjallatúns: leikskólinn og umhverfi hans, skólanámskrá, stjórnun og starfsfólk, uppeldi, menntun og ummönnun, skólabragur og samskipti, innra mat, mat á velferð og námi barna, foreldrasamstarf og ytri tengsl og sérfræðiþjónusta og sérkennsla. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat úttektaraðila sett fram á sama hátt.

### Helstu styrkleikar leikskólans Hjallatúns

- Húsnæði leikskólans uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til leikskólahúsnæðis samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008.
- Leikskólinn vinnur samkvæmt ákveðinni hugmyndafræði sem allt starfsfólk og foreldrar eru meðvituð um og stolt af.
- Leikskólinn vinnur samkvæmt skólastefnu og framtíðarsýn bæjarfélagsins.
- Unnið er að þróunarverkefni til að festa enn betur í sessi aðferðafræði leikskólans.
- Starfsfólk leikskólans hefur sameinast um þrjú lykilatriði í starfinu, að styrkja sjálfsmynd barna, efla frumkvæði þeirra og kenna þeim lýðræði.

<sup>110</sup> Viðtöl við leikskólustjóra og aðstoðarleikskólustjóra, rýnihópaviðtöl við deildarstjóra og starfsmenn.

- Lögð er áhersla á læsi og stærðfræði.
- Lögð er áhersla á málörvun.
- Unnið er samkvæmt þeim áherslupáttum sem fram koma í námskrá leikskólans.
- Unnið er að gerð nýrrar skólanámskrár.
- Allir starfsmenn taka þátt í gerð nýrrar skólanámskrár.
- Lögð er áhersla á leikinn sem námsleið barnanna.
- Stjórnun leikskólans er samkvæmt lögum og almennum reglum um stjórnunarhætti.
- Samvinna stjórnenda við fræðsluskrifstofu er góð og funda þessir aðilar reglulega.
- Samvinna stjórnenda er góð og verkaskiptin skýr þó hún sé ekki skrifleg.
- Ákvarðanatataka er í höndum stjórnenda með aðkomu deildarstjóra.
- Almennt ríkir sátt um stjórnun leikskólans meðal starfsmanna og foreldra.
- Leikskólinn hefur sett sér starfsmannastefnu.
- Allir starfsmenn fara reglulega í starfsmannasamtöl.
- Móttökuáætlun er fyrir nýja starfsmenn í starfsmannahandbók.
- Starfslýsingar eru fyrir alla starfsmenn.
- Leikskólinn hefur mótað eigin áherslur varðandi kennslu barna sem eiga annað móðurmál en íslensku.
- Skipulag funda liggur fyrir.
- Húsnæðið er vel nýtt fyrir leik og starf allan daginn.
- Leikföng og efniviður eru aðgengileg fyrir börnin.
- Börnin eru ánægð með leikföngin í leikskólanum.
- Unnið er með Stig af stigi til að þjálfa félags- og tilfinningaþroska barnanna.
- Notaðar eru SOS hegðunarmótandi aðferðir sem leið til að beita aga á jákvæðan og viðurkennandi hátt.
- Lögð er áhersla á að raddir barnanna fái að heyrast og að þau hafi áhrif á starf leikskólans.
- Börnin upplifa að þau hafi val um viðfangsefni.
- Börnunum líður vel í leikskólanum.
- Lögð er áhersla á jákvæð samskipti.
- Hugmyndafræði og starfsaðferðir leikskólans endurspeglu umhyggju fyrir líðan allra.
- Í Hringekjunni gefast tækifæri fyrir börnin til að taka þátt í skipulögðum verkefnum eða leika sér í frjálsum leik.
- Frjálst val er um leiksvæði innan dyra, gott aðgengi að efniviði og frjálst val um leikfélaga.
- Sýnilegt er hvernig unnið er með lestur og stærðfræði í leikskólanum.



- Almennt er skólabragur jákvæður í leikskólanum.
- Í viðtölum við stjórnendur og starfsmenn kemur fram að starfsandinn er góður í leikskólanum.
- Stjórnendur taka strax á ágreiningsmálum innan starfsmannahópsins.
- Í leikskólanum er unnið samkvæmt lífsspeki Fisksins og er hún orðin hluti af menningu leikskólans.
- Gerð hefur verið starfsmannahandbók fyrir leikskólann.
- Í starfsmannahandbók er móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn.
- Allir starfsmenn koma að innra mati.
- Stöðugt innra mat fer fram allt skólaárið.
- Fjölbreyttar leiðir eru notaðar til að meta nám og velferð barnanna.
- Mat á námi og velferð barna fer fram allt árið.
- Umbótaáætlun er birt í starfsáætlun.
- Samstarf er við Skólapúlsinn.
- Foreldraráð og foreldrafélag eru starfandi við leikskólann.
- Foreldrar eru ánægðir með samstarfið við stjórnendur og starfsfólk leikskólans.
- Foreldrar, ömmur og afar taka þátt í leikskólastarfinu.
- Leikskólinn notar fjölbreyttar leiðir til að auka tengsl milli leikskóla og fjölskyldu.
- Í leikskólanum er sóst eftir rýni foreldra og brugðist við ábendingum þeirra.
- Foreldrar eru ánægðir með foreldrasamtöl og þær upplýsingar sem gefnar eru.
- Haldnir eru kynningarfundir fyrir foreldra þegar börn eru að byrja í leikskólanum og þegar þau færast á milli ganga.
- Leikskólinn hefur sett sér áætlun varðandi aðlögun nýrra barna.
- Leikskólinn hefur gert áætlun um flutning barna á milli deilda innan leikskólans.
- Gott samstarf er milli leikskóla og grunnskóla.
- Leikskólinn tekur þátt í árlegri listahátíð barna í Reykjanesbæ.
- Fræðsluskrifstofa bæjarfélagsins rekur sérfræðiþjónustu fyrir leikskóla og er góð samvinna milli leikskóla og sérfræðiþjónustu.
- Í leikskólanum er 50% staða sérkennslustjóra.
- Í skólanámskrá eru upplýsingar um sérfræðiþjónustu bæjarfélagsins.
- Í starfsmannahandbók er skriflegur verkferill um viðbrögð við grun um frávík.
- Leikskólinn hefur mótað sínar eigin áherslur varðandi kennslu barna sem eiga annað móðurmál en íslensku í samræmi við fjölmennningarstefnu Reykjanesbæjar.
- Leikskólinn leggur áherslu á að börn viðhaldi móðurmáli sínu.
- Notaðar eru fjölbreyttar aðferðir við íslenskukennslu barna sem eiga annað móðurmál.

## Tækifæri til umbóta

- Ljúka þarf við gerð skólanámskrár fyrir 2015.
- Gera ætti úttekt á hljóðvist leikskólans.
- Æskilegt væri að gera endurbætur á útileiksvæði.
- Skoða mætti hvort börn og foreldrar gætu komið meira að gerð skólanámskrár.
- Æskilegt væri að endurskoða og samræma notkun SOS hegðunarkerfisins.
- Æskilegt er að endurskoða starfsmannahandbók og í tengslum við það gera skipurit sem endurspeglar stjórnskipulag leikskólans.
- Æskilegt er að gera eineltisáætlun.
- Gagnlegt væri að endurskoða starfsmannahandbók
- Gagnlegt væri að bæta upplýsingar á heimasíðu leikskólans.
- Æskilegt er að leikskólinn móti sér sérkennslustefnu.
- Gagnlegt væri að skoða hversu meðvitað starfsfólk er almennt um hlutverk sitt í íslenskukennslu barna sem eiga annað móðurmál en íslensku.

## Lokaorð

Leikskólinn Hjallatún hefur frá upphafi starfað í anda Fjölgreindarkenningar Howard Gardner og vinnur stöðugt að því að dýpka skilning starfsmanna á þeirri stefnu. Til þess er notuð aðferð sem kölluð er Hringekjan og felur í sér aukið lýðræði fyrir börnin og skilvirkari vinnu starfsmanna. Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í leikskólanum leiðir í ljós að börnunum í leikskólanum líður vel, starfsfólk leggur sig fram um að skapa þeim góð uppeldis og þroskaskilyrði. Í leikskólanum er starfað samkvæmt þeirri hugmyndafræði sem lagt er upp með í námskrá og unnið er að frekari þróun á Hringekjunni með þróunarverkefni sem stendur yfir frá 2011-2015. Starfsandi leikskólans einkennist af gleði, jákvæðni og húmor. Starfshópurinn vinnur sem ein heild og stefnir allur að sama markmiði og leggur áherslu á stöðuga ígrundun um starfið. Rík áhersla er lögð á að mæta öllum foreldrum og börnum af virðingu og sýna öllum hlýtt viðmót. Starfið í leikskólanum og starfsumhverfið stuðlar að alhliða námi og þroska barna og má þar sérstaklega nefna áherslur leikskólans hvað varðar börn með annað móðurmál en íslensku. Starfsmenn leggja metnað sinn í að viðhalda góðu leikskólastarfi og foreldrar eru ánægðir með starfsaðferðir leikskólans.

## Heimildir

- Aðalnámskrá leikskóla* 2011. <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/nr/3952>
- Atkinson, R., Tacon, R., Wing, T. 2004. *Numicon Kit 1. Teaching guide*. Oddfríður Kristín Wallis Traustadóttir íslenskaði. Skólavörubúðin, Reykjavík
- Ásdís Hrönn Jónsdóttir. 2013. *Orðaspjall – Að efla orðaforða og hlustunarskilning barna með bóklestri*. Reykjanesbær: Leikskólinn Hjallatún.
- Clark, L. (2000). SOS! Hjálpi fyrir foreldra: Handhægur leiðarvísir til meðhöndlunar á algengum vandamálum í barnauppeldi. (Ágústína Ingvarsdóttir þýddi). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Lundin, Stephen C., Paul Christiansen og John Christiansen. (2011). *Fiskur!* Reykjavík: Salka.
- Dagskipulag Hjallatúns. <http://hjallatun.reykjanesbaer.is/Deildir/Bjarmaland/> <http://hjallatun.reykjanesbaer.is/Deildir/Ljosaland/> <http://hjallatun.reykjanesbaer.is/Deildir/Logaland/>
- Gardner, Howard. (2008). *Five minds for the future*. Boston, Mass.: Harvard Business Press.
- Gögn frá leikskólastjóra – Endurmat starfsfólks 2012.
- Gögn frá leikskólastjóra - Greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun, matsáætlun.
- Gögn frá leikskólastjóra - Símenntunaráætlun.
- Gögn frá leikskólastjóra – Starfsmannahandbók.
- Heimasíða Hjallatúns. <http://hjallatun.reykjanesbaer.is/>
- Heimasíða Reykjanesbæjar. <http://www.reykjanesbaer.is/>
- Helga Friðfinnsdóttir, Sigrún Löve og Þorbjörg Þóroddsdóttir. (2000). *Markviss málörvun í leik og starfi*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- HLJÓM-2. Höfundar: Ingibjörg Símonardóttir, Jóhanna Einarsdóttir og Amalía Björnsdóttir. <http://hjallatun.reykjanesbaer.is/Deildir/Varmaland/>
- Lög um leikskóla nr. 90/2008.*
- Lög um menntun og ráðningu kennara og stjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.*
- Ráðgjafastofa.
- Rýnihópur barna.

Rýnihópur deildarstjóra.

Rýnihópur foreldra.

Rýnihópur starfsmanna.

Sigríður J. Þórisdóttir. (1993). *Ótrúleg eru ævintýrin... Sögur og vísur til málörvunar*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Skólanámskrá Hjallatúns 2009-2010. [http://hjallatun.reykjanesbaer.is/Namskra\\_og\\_adrar\\_skyrslur/Skolanamsskra/](http://hjallatun.reykjanesbaer.is/Namskra_og_adrar_skyrslur/Skolanamsskra/)

Starfsáætlun Hjallatúns 2013-2014. [http://hjallatun.reykjanesbaer.is/Namskra\\_og\\_adrar\\_skyrslur/Starfsaaetlun/](http://hjallatun.reykjanesbaer.is/Namskra_og_adrar_skyrslur/Starfsaaetlun/)

Starfsgrundvöllur leikskólans. <http://hjallatun.rnb.is/Leit/default.aspx>

*Stig af stigi 1*. Flokkur 4-6 ára. Handbók. (2002). Þórður Jónsson þýddi. Akureyri: Reynir –

Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

Viðtal við formann fræðsluráðs.

Viðtal við leikskólastjóra.

Önnur gögn sem skólinn lagði fram.







